



Ánægja með þjónustu sveitarfélaga

Könnun á viðhorfi íbúa

Undanfarin ár hefur Gallup mælt viðhorf íbúa til þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins. Niðurstöður nýtast við mat á frammistöðu sveitarfélaga bæði í samanburði við önnur sveitarfélög og fyrri frammistöðu. Eins nýtast þær við forgangsröðun á aðgerðum sveitarfélaga.

Samanburður er sýndur milli viðhorfa þeirra sem nota viðkomandi þjónustu reglulega og þeirra sem nota hana ekki. Einnig er hægt að kaupa spurningar í tengslum við sértækar áherslur hvers sveitarfélags.

Íbúar meta eftirfarandi þætti í könnuninni:

- Sveitarfélagið sem stað til að búa á
- Skipulagsmál í sveitarfélaginu
- Gæði umhverfisins í nágrenni við heimili sitt
- Þjónustu við barnafjölskyldur
- Þjónustu grunnskóla sveitarfélagsins
- Þjónustu leikskóla sveitarfélagsins
- Aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu
- Þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu
- Þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu
- Hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum
- Þjónustu í tengslum við sorphirðu í sveitarfélaginu
- Þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið, bæði út frá reynslu og áliti
- Samskipti við bæjar- eða sveitarstjórnarskrifstofur og ánægju með úrlausn erinda
- Hvaða þjónustu sveitarfélagið þurfi helst að bæta

Í ár verða einnig lagðar fyrir nokkrar spurningar um frammistöðu sveitarfélagsins í umhverfismálum og er mögulegt að bæta niðurstöðum þeirra spurninga við skýrsluna.

Hafðu samband

Frekari upplýsingar gefa ráðgjafar Gallup
Gallup.is | gallup@gallup.is | 540 1200



ESOMAR
member

GALLUP

TIL AÐ VERA VISS